

114. fundur skólanefndar þriðjudaginn 7. júní 2011 kl.17:00 í Grunnskóla Stykkishólms

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Hrefna Frímansdóttir, Guðmunda Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra í grunnskólanum, María Magnúsdóttir fulltrúi foreldra í leikskólanum, Sigurður Þórarinnsson, Haukur Garðarsson, Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar Elín Kristinsdóttir fulltrúi kennara í grunnskólanum og Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leikskólanum, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 17:05.

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Stykkishólms:

- Skólalok 2011. Skólastjóri er sáttur við skólaárið sem er að líða. Svipaður nemendafjöldi verður næsta vetur eins og var á ný liðnu skólaári eða um 160 nemendur.
- Undirbúningur næsta skólaárs 2011 – 2012.
- Mannaráðningar. Auglýst var eftir kennurum og er að mestu búið að ganga frá ráðningum í þær stöður. Einungis á eftir að ganga frá ráðningu í heilsdagsskóla.
- Önnur mál. Fyrirspurn kom um hve margir eru að hætta. Fríða Hrund Kristinsdóttir fer í fæðingarorlof, Ingunn Jakobsdóttir hættir vegna aldurs, Unnur Breiðfjörð hættir vegna aldurs, Róbert Jörgensen lætur af störfum.

Nýir kennarar eru Anna Margrét Ólafsdóttir, Elín Ragna Þórðardóttir, Hildur Sigurðardóttir og Sara Jóhannsdóttir. Einnig var gengið frá ráðningum við Söru Sædal Andrésdóttur, Sigríði Ólöfu Sigurðardóttur og Þóru Margréti Birgisdóttur.

Fyrirspurn kom með Skólahreysti af hverju ekki fór lið héðan þar sem þetta var valáfangi í vetur. Svar var að kennarinn mat það svo að ekki væri áhugi hjá krökkunum að fara. Nú er búið að móta þær reglur að ef þau velja að taka þetta fag að þá verða þau að fara í þessa keppni. Skólastjóra fannst miður að ekki hafi verið farið síðustu tvö ár.

2. Innra mat - Grunnskólinn

Elín Kristinsdóttir fór yfir nemenda- og foreldrakönnun sem gerð var á skólaárunum 2008-2009 og 2010-2011. Þessar niðurstöður verða settar inn á heimasíðu grunnskólans. Skólastjóri er mjög sáttur með útkomu nemendakönnunina frá nýliðnu skólaári.

Stjórnendur skólans hefðu gjarnan viljað sjá meira svarhlutfall foreldra. Starfsfólks munu vinna úr þeim niðurstöðum sem komu úr þessari könnun á vinnudögum í ágúst. Aðalmarkmiðið verður að ná meiri tengslum við foreldra.

Verið er að setja saman foreldrahandbók.

3. Skýrsla skólastjóra Leikskóla Stykkishólms:

- Barnafjöldi:** Börnin eru nú orðin 60. Aðlögunum er lokið þetta vorið en þær byrja aftur eftir sumarfrí.

- b) **Daglegt leikskólastarf:** Sumarstarfið er að hefjast, hvað við gerum fer mikið eftir veðri, útivera hefur þó aukist mikið.
- c) **Sérfræðingar:** Þeir sérfræðingar sem þjónusta okkur hafa lokið störfum. Við leikskólastjórar á Snæfellsnesi höfum fundað vegna stöðu leikskólafulltrúa, bæjarstjórnnum verða send bréf um þetta starf mjög fljótlega.
- d) **Heimsóknir:** Við höfum verið beðin um að taka á móti hóp frá Reykjavíkurborg, leikskólasviði. Það eru starfsmenn frá öllum deildum sviðsins, yfirmenn, frá leikskólaskrifstofu, starfsmannaþjónustu og fjármáladeild. Þau koma fimmtudaginn 9. júní.
- e) **Vetrarstarfið:** Við erum byrjaðar að skipuleggja næsta vetur, leikskólinn verður mjög ungur næsta vetur og verður því að sníða starfið að því.
- f) **Innra starf:** Við höfum notað kvarða sem heitir Eckers kvarði við mat á innra starfi leikskólans, í haust ætlum við að nota hann aftur og hver deild svarar spurningum úr listanum.
- g) **Umsóknir** Nokkrar umsóknir hafa borist eftir að auglýst var eftir leikskólakennurum. Enginn umsókn hefur borist frá leikskólakennurum. Umsóknarfrestur rennur út 15. júní.
- h) **Framundan:** Ekki er búið að semja við leikskólakennara þeir eru tveimur samningum á eftir grunnskólakennurum og með 25% lægri launum en þeir. Nú stendur yfir kosning hjá leikskólakennurum hvort boða eigi verkfall. Ef samþykkt verður að fara í verkfall hefst það 22. ágúst.

Ábending kom um hvort ekki væri hægt að finna könnun sem næði til foreldra leikskólabarna. Leikskólastjóri og formaður skólanefndar munu fara í að leita enn frekar að því.

4. Önnur mál.

- a) Áætlun skólanefndar fyrir skólaárið 2011-2012 var kynnt og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Fundargerð ritaði Elín Guðrún Pálsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (sign),

Sigurður A. Þórarinsson (sign),

Hrefna Frímansdóttir (sign),

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leiksskólans (sign),

Guðmunda Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra í grunnskólanum (sign),

María Magnúsdóttir fulltrúi foreldra í leikskólanum (sign),

Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar (sign),

Elín Kristinsdóttir fulltrúi kennara í grunnskólanum (sign),

Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum (sign).